



Ásgeir Sigurgeirsson, skotíþróttamaður úr Skotfélagi Reykjavíkur, hefur unnið sér inn kvótapláss á Ólympíuleikana í Tókýó í loftskammbyssukeppni karla.

Alþjóðaskotíþróttasambandið hefur lokið úthlutun á kvótasætum og hlaut Ísland kvótapláss í loftskammbyssukeppni karla. Ásgeir hefur áður keppt á leikunum en hann keppti á Ólympíuleikunum í London 2012, þá bæði í frjálsri skammbyssu og loftskammbyssu. Keppt verður í greininni fyrsta keppnisdag leikanna, laugardaginn 24. júlí og verður Ásgeir því, að öllum líkindum, sá fyrsti úr íslenska hópnum til að keppa Ólympíuleikunum í Tókýó.

Anton Sveinn Mckee hefur náð Ólympíulágmarki í 200m bringusundi og auk hans mun að lágmarki ein íslensk kona keppa í sundi. Í frjálsíþróttum mun Ísland eiga að lágmarki einn keppanda, en væntanlega mun fleira frjálsíþróttafólk fá keppnistrétt á leikana.

Í mörgum íþróttagreinum er tækifæri fram að 29. júní til að vinna sér þátttökurétt á Ólympíuleikunum, auk þess sem að alþjóðasársambönd eru að endurúthluta kvótasætum samkvæmt stöðu á heimslistum. Alþjóðasársamböndin gefa út endanlega lista í byrjun júlí. Endanlegur fjöldi keppenda Íslands á Ólympíuleikunum í Tókýó og jafnframt nafnalisti keppenda verður því ekki tilbúinn fyrr en í fyrstu viku júlí mánaðar.